

Greiðslur í sjóðinn eða úr honum nema 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrægnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26. maí 1975.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

23. maí 1975.

Nr. 240.

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir sundstaðina í Reykjavík.

Einstök skipti, fullorðnir	kr.	60.00
— — börn	—	25.00
10 miða kort fullorðnir	—	400.00
— — — börn	—	150.00
Gufubað	—	120.00
Leiga á sundfötum	—	40.00
Sundnámskeið fullorðnir, 20 st.	—	1 500.00
— börn 20 st.	—	1 000.00

Íþróttafélög:

16 ára og eldri, 10 miðar	—	200.00
Yngri en 16 ára, 10 miðar	—	120.00

Gjaldskrá þessi, sem samín er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 32 7. maí 1928, til þess að öðlast gildi þegar í stað. Með gjaldskrá þessari er úr gildi felld gjaldskrá nr. 285 18. september 1974.

Félagsmálaráðuneytið, 23. maí 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

21. maí 1975.

Nr. 241.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Jónasar Halldórssonar og Ara Hermannssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 21. maí 1975.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Jónasar Halldórssonar og Ara Hermannssonar.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður hinn 15. sept. 1974 til minningar um Jónas Halldórsson bónda, Leysingjastöðum, og Ara Hermannsson bankagjaldkera, Blönduósi, en þeir létust af slysförum hinn 25. ágúst 1973.